

Ed. 58. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kaптúnunum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- | | |
|-------------------|-----------------------|
| 1. Grundartangi | 14. Blönduós |
| 2. Borgarnes | 15. Skagaströnd |
| 3. Rif | 16. Sauðárkrókur |
| 4. Ólafsvík | 17. Ólafsfjörður |
| 5. Grundarfjörður | 18. Dalvík |
| 6. Stykkishólmur | 19. Raufarhöfn |
| 7. Patreksfjörður | 20. Þórshöfn |
| 8. Þingeyri | 21. Vopnafjörður |
| 9. Flateyri | 22. Reyðarfjörður |
| 10. Suðureyri | 23. Fáskrúðsfjörður |
| 11. Bolungarvík | 24. Djúpvogur |
| 12. Hólmavík | 25. Höfn í Hornafirði |
| 13. Hvammstangi | 26. Þorlákshöfn |

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda að breyta fjölda tollhafna hafi vöruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða telja verður af öðrum ástæðum að breyta þurfi fjölda tollhafna.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Pegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaförða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars, sem er í millilandaferðum, skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda telji hún ástæðu til enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglið er gerð.

6. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

- a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sett verða þar að lútandi“.
- b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum“.
- c. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðist svo:
 4. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

7. gr.

Í stað tölunnar „500“ í 68. gr. laganna komi: 15 000.

8. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

9. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 40 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 80 000 kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er nánast efnislega samhljóða frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982 (118. mál). Var það eitt þeirra frumvarpa sem fyrrverandi ríkisstjórn lagði áherslu á að lögfest yrði fyrir þinglausnir. Að lokinni 1. umræðu fékk frumvarpið allítarlega umfjöllun fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og mættu Björn Hafsteinsson, deildarstjóri tolladeildar fjármálaráðuneytisins, og Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri á fundi nefndarinnar til að skýra einstök efnisatriði. Nefndin lauk ekki að afgreiða frumvarpið og dagaði það uppi. Er það því lagt fram að nýju, aukið og endurbætt í samræmi við umræðu þá sem fram fór á fundum nefndarinnar.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 41/1979 var landhelgi Íslands færð út í 12 sjómílu, en í 2. gr. er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni. Í 6. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er tolllandhelgin hins vegar aðeins 4 sjómílu. Í athugasemdum við frumvarp að fyrrnefndum lögum segir að breytingar þessar

muni fela í sér nauðsyn á breytingum á nokkrum lögum til samræmingar, þ. á m. á tollalögum. Er lagt til með grein þessari að íslensk tollalögsaga fylgi jafnan landhelgi Íslands svo sem hún er afmörkuð í lögum þar um og taki breytingum eins og hún. Þá er lagt til í 2. mgr. 2. gr. að tekið verði fram að loftrýmið yfir fyrrgreindu landsvæði tilheyri tollsvæði ríkisins. Er þetta í samræmi við 2. gr. laga nr. 41/1979 og gildandi þjóðarétt.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 7. gr. laganna verði breytt þannig að tollhöfnum verði fjölgað um sex og við núverandi tollhafnir bætist hafnir á eftirtöldum stöðum: Grundartanga, Rífi, Grundarfirði, Skagaströnd, Dalvík og Þórshöfn. Enda þótt hafnir þessar séu ekki tollhafnir fer þar fram nokkur tollafgreiðsla og sums staðar veruleg. Tollafgreiðsla á höfnum þessum hefur þó verið háð sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra hverju sinni í samráði við tollgæslustjóra skv. 5. mgr. 7. gr. laganna. Um ytri aðbúnað og hafnaraðstöðu eru hafnir þessar þó á engan hátt síðri en sumar þeirra hafna sem samkvæmt gildandi lögum eru viðurkenndar sem tollhafnir. Því verður að teljast eðlilegt að hafnir þær sem hér um ræðir verði látnar sitja við sama borð og tollhafnirnar að þessu leyti.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð breytt fjölda tollhafna að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda. Verður að telja það eðlilegt, hafi vöruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða talið er af öðrum ástæðum nauðsynlegt að breyta fjölda tollhafna.

Um 3. gr.

Er gildandi lög um tollheimtu og tolleftirlit voru sett 1969 voru vöruflutningar með gámum ekki komnir til sögunnar. Þessi flutningsmáti hefur hins vegar rutt sér mjög til rúms á síðustu árum. Í ljósi reynslunnar þykir hins vegar bera nauðsyn til að auðveldað verði eftirlit með gámaflutningum, þannig að unnt sé t. d. að staðreyna fjölda, auðkenni svo og innihald þeirra hvers um sig.

Um 4. og 5. gr.

Á 24. fundi tollstjóra Norðurlanda sem haldinn var í Reykjavík í byrjun september 1981 var ákveðið að skipa samnorræna nefnd er skyldi skoða reglur sem gilda í löndunum um tollafgreiðslu skipa og tolleftirlit með þeim. Skyldi nefndin gera tillögur um samræmingu á þessum reglum þar sem það gæti horft til einföldunar og vinnusparnaðar án þess þó að það kæmi niður á árangri tolleftirlitsins.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og er þegar ljóst að hvaða leyti hagsmunir Íslendinga og annarra Norðurlandþjóða fara saman og hvaða atriðum í íslenskrum tollalöggjöf þarf að breyta til þess að Ísland geti gerst aðili að samnorrænum vinnubrögðum í þessu efni. Er hér einkum um að ræða þau atriði í tollafgreiðslu sem lúta að innsiglu hátollavarnings, sbr. 25. gr. laganna, og útgáfu tollvegabréfa, sbr. 32. gr. Eins og framkvæmdin er nú eru þessir þættir tengdir að því leyti, að tollvegabréf verður ekki gefið út nema innsiglað hafi verið við komu fars til landsins, en innsiglu varnings og útgáfa tollvegabréfs eru tímafrekar aðgerðir.

Með breytingum á 25. og 32. gr. laganna er ætlað að skapa skilyrði fyrir hinni breyttu framkvæmd tollafgreiðslu sem stefnt er sameiginlega að á Norðurlöndum, án þess þó að girt sé fyrir að núverandi framkvæmd verði haldið áfram að öllu eða takmörkuðu leyti svo lengi sem nauðsynlegt er talið.

Innsiglu á tollskyldum varningi áhafnar svo og forða og birgðum fars, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota, er eins og fyrr segir tímafrek. Það er þó ljóst að þessi varningur verður að vera óaðgengilegur áhöfn þegar far er komið inn á íslenskt tollsvæði. Því er lagt til í 4. gr. að sú skylda verði lögð á stjórnanda fars að hann setji umræddan forða og birgðir undir lás, eins og það er orðað í greininni. Er þá átt við að hann sjái til þess að varningur þessi verði læstur inni í hans vörslu og geymdur á tryggilegan hátt.

Í 4. gr. felst sú breyting að í stað þess að innsiglað sé í fari við hverja komu þess til landsins verði innsigluð aðeins framkvæmd þegar tollgæslan telur ástæðu til af öryggisástæðum.

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til að stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir þann varning sem hann setur undir lás skv. 1. mgr. Verður þessari skrá ætlað að gegna sama hlutverki og innsigli-skráin og skipsforðalistinn gera við núverandi framkvæmd.

Það ákvæði 3. mgr. 4. gr., að eitt afrit af skrá skipstjóra skv. 1. mgr. skuli fylgja fari við komu þess til landsins úr næstu ferð, hefur í för með sér að norræn tollyfirvöld geta krafist eintaksins við komu til hafnar á Norðurlöndum. Þar með er tollvegabréfið í núverandi mynd orðið óþarft, þar sem sömu upplýsingar eiga að koma fram á skrá skipstjóra yfir það sem hann setur undir lás og koma fram á tollvegabréfum í núverandi mynd. Því er lagt til í 5. gr. að sú breyting verði gerð á 32. gr. laganna að afnumin verði sú skylda sem virðist hvíla á tollgæslunni til að gefa út tollvegabréf að uppfylltum vissum skilyrðum.

Um 6. gr.

Samkvæmt 2. tl. 57. gr. nógildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er krafist fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Ákvæði þetta hefur valdið þeim verulegum óþægindum og kostnaði sem þurft hafa að endursenda vörur auk þess sem það hefur óhjákvæmilega aukið vinnu við tollafgreiðslu á vörum hjá tollyfirvöldum. Önnur lagaákvæði gera ráð fyrir að „viðtakandi“ ætti aldrei að fá þessa vöru í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því að telja óþarft að krefjast sérstakrar tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðra vöru sem er í vörslu framflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta ákvæði um tryggingar verði fellt niður.

Í 3. tl. 57. gr. er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi ákvæðisins eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., verður að teljast fráleitt að þurfa að senda alla vélinu utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

Engin bein ákvæði eru til í lögum um það hvernig staðið skuli að innheimtu aðflutningsgjalda af vöru sem flutt hefur verið til landsins en er af einhverjum ástæðum endurseld til útlanda. Í framkvæmd hefur því verið stuðst við reglur þær sem settar hafa verið um svonefndan framhaldsflutning (transit) með stoð í heimildarákvæði 1. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. Gjöld hafa því ekki verið innheimt í slíkum tilvikum eða þau verið endurgreidd, hafi varan hlotið tollafgreiðslu, enda verður að telja innheimtuna bæði óeðlilega og órökrétta. Samkvæmt 1. tl. 6. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, er gert ráð fyrir að vörur sem seldar eru úr landi séu undanþegnar söluskatti, Rétt þykir að lögfest verði ákvæði er taki til aðflutningsgjalda sem venjulega eru innheimt við innflutning vöru til landsins.

Um 7. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að hámark dagsekta skv. 68. gr. laganna verði hækkað úr 500 kr. í 15 000 kr

Um 8. gr.

Samkvæmt almennum hegningarlögum er hámark sekta 1 milljón króna. Sektarhámark þetta gildir ekki aðeins um sektarákvarðanir samkvæmt hegningarlögum heldur og um sektarákvarðanir samkvæmt ýmsum sérlögum þar sem sektarhámark er ekki ákveðið. Núverandi

hámark sekta samkvæmt lögnum er ekki lengur í samræmi við almennar sektarheimildir og er því nauðsynlegt að gera breytingar þar á. Með frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá því að ákveða almennt sektarhámark í lögnum sjálfum, en í þess stað verði hámark þeirra látið ráðast af hámarki þeirra fésekta sem heimilt verður að beita hverju sinni skv. 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Um 9. gr.

Lagt er til að sektarfjárhæð og eignarupptökufjárhæð í 2. mgr. 76. gr. laganna verði hækkaðar. Fjárhæðum þessum var síðast breytt með lögum 31/1979 og var þá sektarfjárhæðin hækkuð í 350 000 gkr. og eignarupptökuheimildin í 500 000 gkr. Er hér lögð til veruleg hækkun, annars vegar vegna verðlagsþróunar, en hins vegar hækkun umfram það til þess að fjölga þeim málum sem afgreiðslu geta hlotið með sáttargerð þegar á frumstigi hjá embætti tollgæslustjóra. Við núverandi mörk er aðeins hægt að taka til meðferðar hin allra smæstu mál, en öll önnur þurfa að ganga til ríkissaksóknara og þaðan til sakadómsmeðferðar.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringar.